



Veðleyfi vegna sjóðfélagalána

Sjóðfélagalán eru veitt með veði í íbúðarhúsnæði eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lánareglum sjóðsins. Í skuldabréfum sjóðsins er mælt fyrir um svokallaðan uppfærslurétt. Það merkir að ef sjóðfélagalán er ekki á fyrsta veðrétti færast það sjálfkrafa framur í veðröðinni ef lán fyrir framan eru greidd upp.

Almennt veitir lífeyrissjóðurinn ekki veðleyfi. Það er að segja ekki er veitt heimild til veðsetningar láns frá þriðja aðila fyrir framan þann veðrétt sem lán sjóðsins er tryggt á. Þá gefur sjóðurinn ekki eftir uppfærslurétt við uppgreiðslur lána sem eru fyrir framan veð sjóðsins.

Afgreiðsla umsókna um veðleyfi:

Í undantekningum er vikið frá þessari meginreglu ef um það kemur ósk frá skuldara sjóðfélagaláns. Þá er eftir atvikum m.a. litið til eftirfarandi þátta:

1. Fjárhæðar sjóðfélagaláns
2. Veðstöðu fyrir og eftir veitingu veðleyfis
3. Gæði og seljanleika veðs
4. Hvort sjóðfélagalán sé með föstum eða breytilegum vöxtum
5. Greiðslusögu viðkomandi láns
6. Fjárhæð og greiðsluskilmála þess láns sem veðleyfi er óskað vegna
7. Mat á greiðslugetu skuldara

Umsóknir um veðleyfi skal beina til lánadeildar sjóðsins. Umsóknir eru afgreiddar af lánanefnd.